



Greinargerð

Ég bið vinsamlega um að á næsta fundi Skipulags og umhverfisnefndar Langanesbyggðar, sem þú sagðir mér í tölvupósti að yrði á þriðjudaginn 2. júní, verði tekin til umfjöllunar beiðni Six Rivers Iceland um heimild til skógræktar og landgræðslu í landi Miðfjarðarnessels í Miðfirði.

Í fylgigögnum þessa tölvupósts er að finna kort sem sýnir afmörkun fyrirhugaðs skógræktar- og landgræðslusvæðis. Svæðið er 199,8 ha að stærð. Votlendi á svæðinu hafa verið kortlögð og er afmörkun þeirra sýnd á kortinu. Votlendin eru undanskilin og ekki hluti af væntanlegu skógræktarsvæði. Eins og greint var frá í fyrri beiðni um umfjöllun nefndar um verkefnið verða tré ekki gróðursett í votlendin né heldur votlendum raskað við framkvæmd þessa skógræktarverkefnis.

Innan skógræktarsvæðisins finnast engin verndarsvæði, friðlýst svæði eða aðrar náttúruminjar, eins og sjá má á kortavefsjám Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Nauðsynlegt er að girða skógræktarsvæðið af til að skógurinn geti vaxið úr grasi og orðið að raunveruleika. Áætluð lega girðingarinnar er sýnd á kortinu. Girt verður frá Litlu-Kverká nærri landamerkjum Miðfjarðarnessels að innanverðu, upp hlíðina og upp á öxlina og út með svæðinu endilöngu og nokkuð nærri að landamerkjum að utanverðu. Þar niður og til baka hvar girðingin endar innan við gömlu brúna yfir Miðfjarðará. Grindahlið og hlið verða sett þar sem girðingin þverar veginn en einnig við brúna yfir Litlu-Kverká. Eftir sem áður verður mögulegt að smala fé af Kverkártungu yfir brúna og í gegn um skógræktarsvæðið eftir veginum. Girðingin mun því ekki hafa heftandi áhrif á smölun fjár á svæðinu. Landamerki Miðfjarðarnessels liggja skilmerkilega fyrir og að sjálfsögðu verður gætt að því að girðingin nái ekki inn á aðrar landareignir.

Samráð hefur verið haft við sauðfjárbændur á svæðinu vegna girðingaráformanna og upplýsinga leitað til þeirra um göngu búfjár á svæðinu. Ljóst er að þó nokkuð fé sækir í svæðið. Lýst hefur verið að eitthvað af féi sækir að utan frá Miðfjarðarnessi en einnig fé frá Tunguseli og Hallgilsstöðum í Pistilfirði niður af heiðinni að innanverðu. Hafa bændur á þessum jörðum ekki gert neinar athugasemdir við girðingaáformin í samtölum okkar við þá um málið. Engin upprekstur á sér stað á svæðinu og girðingin mun því ekki hafa áhrif á upprekstrarrétt bænda.

Reimar Sigurjónsson á Felli mun sjá um framkvæmd girðingarinnar.

Á kortinu má sjá að fyrirhugað er að girða af mun stærra svæði en tilgreint skógræktarsvæði, og er ástæða þess sú að á næstu tveimur árum hyggst Six Rivers sækja um leyfi til stækkunar skógræktarsvæðisins með útmörkum allt að því sem nemur legu væntanlegrar girðingar. Að sjálfsögðu verður sótt sérstaklega um leyfi til Langanesbyggðar um stækkun skógræktarsvæðisins, málið unnið í samstarfi með Langanesbyggð og öllum lögum og reglugerðum um skipulagsmál fylgt í hvívetna. Það er eindregin vilji og ætlun Six Rivers að vinna málið vel og faglega og í samstafi og samkvæmt tilmælum Langanesbyggðar.

Fornleifaskráningu er lokið á svæðinu og er skýrsla Guðnýjar Zoega fornleifafræðings í fylgiskrá. Þá fylgir einnig umsögn Minjastofnunar Íslands um verkefnið. Afmörkun allra fornleifa er sýnd á meðfylgjandi korti af skógræktarsvæðinu ásamt 15 m helgunarsvæði umhverfis hverja fornleif. Ekki verður gróðursett nær en að minnsta kosti 15 m frá fornleifum og engum fornleifum verður raskað við framkvæmd verkefnisins.



Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði samkvæmt Aðalskipulagi Langesbyggðar 2007-2027 og er skógrækt og landgræðsla á svæðinu í fullu samræmi við Aðalskipulagið.

Lögð verður áhersla á að rækta fjölbreyttan og náttúrulegan laufskóg á svæðinu að meginuppistöðu með birki og víði tegundum. Einnig verður gróðursett svolítið af reynivið til skrauts, ásamt elri og ef til vill blæösp í grennd við læki þegar fram í sækir. Engin jarðvinnsla verður framkvæmd fyrir gróðursetningu í þessu verkefni og þá er engin slóðagerð fyrirhuguð á svæðinu. Ljóst má vera að inngripsminni skógræktarframkvæmd er vart hugsanleg á Íslandi og ásynd og útlit svæðisins á meðan á framkvæmdum stendur getur vart orðið mildari. Sexhjól verður nýtt við gróðursetningu trjáplantna en gætt verður að því að valda sem minnstu raski og að öll ummerki grói og hverfi inn í landslagið fljótlega eftir að framkvæmdum er lokið. Áformað er að tvö ár taki að gróðursetja í skógræktarsvæðið sem afmarkað er á kortinu og að svæðið verði full gróðursett í lok sumars 2026.

Eins og greint var frá í fyrri pósti er höfuðmarkmið skógræktarinnar að efla lífríki og auðga jarðveg á svæðinu til þess að auka næringarframboð og styrkja vatnavistkerfi Miðfjarðarár og hliðaráa. Aðal markmiðið er að bæta búsvæði fyrir laxaseiði í ánum svo löxum megi fjölga í vistkerfinu, en aukið næringarframboð og heilbrigðari jarðvegur á svæðinu nýtist öllum lífverum í vatnavistkerfinu í heild. Er það liður í að verja og styrkja Norður-Atlantshafslaxastofninn sem á verulega undir högg að sækja á heimsvísu og hefur þegar orðið útdauður víða á fyrrum útbreiðslusvæði.

Fyrir hönd Six Rivers Iceland bið ég góðfúslega um að fjallað verði um málið á fundi Skipulags og umhverfisnefndar Langesbyggðar og – án þess að vera með heimtufrekju – heimild veitt til að hefjast megi handa við skógrækt í Miðfjarðarnesseli. Trjáplönturnar bíða klárar á planinu og kitla í ræturnar að komst í jörð!

Kærar þakkir og bestu kveðjur,

Kári Lefever
Verkefnastjóri skógræktar og landgræða
S. 611 8607

